# AUGLÝSING

**um grenndarkynningu í Strandabyggð.**

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Strandabyggðar á fundi sínum 11. september 2012 að breyta nýtingu lóðarinnar Miðtún 15-17 á Hólmavík úr parhúsi í þriggja íbúða raðhús á 1.582 fermetra lóð við Miðtún nr. 15-19. Áður hafði farið fram grenndarkynning frá 25. júlí 2012 til 5. september 2012 þar sem nágrönnum, sem talið var að ættu hagsmuna að gæta, var gefinn kostur á að tjá sig um málið. Engar athugasemdir voru gerðar.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslögin mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Hólmavík, 6. desember 2012.*

**Gísli Gunnlaugsson** byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2012